

7. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirætlum veitustjóra. Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu.

8. gr.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

9. gr.

Breytingar á gjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum sveitarstjórnar Kaldananeshrepps og skulu þær staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 301/2000 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 155, 19. febrúar 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2002.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

**um nafn sameinaðs sveitarfélags Bárðdælahrepps,
Hálshrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdælahrepps.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Húsavík hinn 9. júní 2002 við sameiningu Bárðdælahrepps, Hálshrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdælahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 270/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Þingeyjarsveit.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.